



Menntaskólinn á Akureyri

Vorönn 2013

Kennarar:

Hildur Hauksdóttir, hildur@ma.is

Hrefna G. Torfadóttir, hrefna@ma.is

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er krafist afar agaðra vinnubragða og skipulagshæfni því áfanginn byggist á sjálfstæðum lestri bókmennta á ensku án reglulegrar leiðsagnar kennara. Nemandi velur sér nokkrar skáldsögur af kjörbókalista og les þær sjálfstætt. Listinn er byggður upp af skáldsögum sem almennt eru talin tímamótaverk á enskri tungu sem og bókum sem oft er vísað til. Á nokkurra vikna fresti hittir nemandinn kennarann og gerir munnlega grein fyrir lestri sínum á ensku. Umfjöllunin skal vera ítarleg og ígrunduð og mun kennarinn spyrja út í verkið.

Áfangamarkmið

- Nemandi lesi sjálfstætt klassískar bókmenntir á ensku.
- Nemandi geti gert grein fyrir innihaldi skáldverka og rætt þau á ensku.
- Nemandi geti lesið dýpra í skáldverkin og túlkað innihald þeirra.

Námsefni

Fimm skáldverk eftir ólíka höfunda frá ólíkum tímabilum í sögu bókmennta á ensku. Nemendur velja a.m.k. eitt verk frá öllum þremur tímabilunum á kjörbókalistanum. Einungis eitt skáldverk má koma af lista fjögur yfir styttri verk og vinsæl. Á kjörbókalistanum eru verk sem kennarar hafa valið og kunna góð skil á. Þau eru flest til á bókasafni skólans, Amtsbókasafninu eða í bókabúðum og Bóksölu stúdenta. Einnig gætu nemendur þurft að kaupa sér bækur af vefnum, t.d. á *amazon.com* eða *amazon.co.uk*. Nauðsynlegt er að útvega sér bækur tímanlega, sérstaklega ef nemandi þarf að panta þær því það tekur gjarnan a.m.k. 3 til 4 vikur að fá bækur erlendis frá. Augljóslega er ekki ætlast til að nemandi velji sér bækur sem hann hefur lesið áður.

Kennsluhættir

Nemandi fer í viðtal til kennara á tveggja til þriggja vikna fresti og ræðir skáldverk að eigin vali af kjörbókalista. Þessi umfjöllun varir í 15 til 20 mínútur. Nemandi verður að taka með sér skáldverkið í umræðutímana. Nemandi er eindregið hvattur til að kynna sér verkið nánar fyrir og/eða eftir lesturinn, m.a. með því að lesa gagnrýni á netinu.

Kennsluáætlun

Viðtalstímar við kennara verða í eftirtöldum vikum:

1	25.2 – 1.3
2	18.3. – 22.3
3	8.4. – 12.4
4	29.4. – 3.5.
5	13.5. – 17.5.

Námsmat

- Hver umfjöllun gildir 20% einkunnar. Það er ekkert lokapróf.
- Nemandi mætir í öll viðtöl á tilsettum tíma.
- Nemandi verður að sýna fullnægjandi árangur í hverri umfjöllun sinni á skáldsögu til að áfanginn teljist staðinn.
- Nemandi skilar vottorði ef hann leggst veikur þá daga sem viðtölin fara fram.
- Nemandi sem ekki mætir í viðtal og er ekki löglega forfallaður, telst hafa fallið á áfanganum.
- Ef nemandi þarf, af einhverjum orsökum öðrum en veikindum, að fá viðtali frestað verður hann að hafa samband við kennara eigi síðar en tveimur dögum fyrir áætlað viðtal. Nemanda skal þó ljóst að það er í höndum kennara hvort viðtali verður frestað og einkunn lækkar.
- Viðtal frestast mæti nemandi ekki með þá bók sem hann á að fjalla um. Þá lækkar einnig einkunn nemanda um einn heilan.

Val

Nemendur velja allar bækurnar í einu og senda valið sitt, merkt 1 – 5, í tölvupósti á hrefna@ma.is í síðasta lagi mánudaginn 11. febrúar.

Munið!

- *Skáldsagan má ekki vera stytta eða einfölduð*
- *Einungis ein bók eftir sama höfund*
- *Að minnsta kosti ein bók frá hverju tímabili*
- *Að minnsta kosti tvær vikur verða að líða á milli viðtala*

Gangi ykkur vel.

Hildur og Hrefna

Réttur til breytinga áskilinn